

# Nýr vefur Námsgagnastofnunar

Námsgagnastofnun var að opna nýjan vef „[Upplýsingatækni](#)„. Þar er að finna námsefni og kennsluleiðbeiningar í upplýsingatækni fyrir nemendur í 1.-10. bekk. Markmiðið er að sameina allt námsefni stofnunarinnar í upplýsingatækni á einn stað.

Vefurinn er mjög einfaldur og efnið mun aðgengilega en hefur verið. Nýtt efni sem best hefur við flóruna er efni ætlað yngsta stigi grunnskólans má þar nefna forritunarverkefni í Scratch, verkefni í paint, excel, publisher, powtoon og tölvuöryggi.

---

## Menntabúðir III 2014 – fréttir

Fimmtudaginn 10. apríl sl. voru haldnar UT-menntabúðir í húsnæði Menntavísindasviðs HÍ við Stakkahlíð. Að þessu sinni var annað snið á búðunum. Í staðinn fyrir að skipta svæðinu í nokkrar stöðvar þar sem eitt viðfangsefni er kynnt á hverri stöð, var einungis ein stöð og fóru allar kynningarnar fram þar.

Kristín Jónsdóttir kynnti <a href="#">FlipGrip</a> , 90 sek. video-frásögn. Kennari leggur fram spurningu sem nemendur svara í 90 sek. myndskreiði.
---

Bjarndís Fjóla Jónsdóttir kynnti <a href="#">Powtoon</a> , hvernig það er nýtt í ljósmyndunarkennslu. Einnig hvernig <a href="#">Smore</a> er nýtt í upplýsingatæknikennslu.
--

Ásdís Steingrímsdóttir kynnti <a href="#">Pinterest</a> , samfélagsmiðill – vefsíðusafn.
--



Þorbjörg Guðmundsdóttir kynnti [Touchcast](#), mjög flottar videokynningar (VideoWeb).


Ágústa Guðmundsdóttir kynnti [Kahoot](#), veflægt spurningakerfi sem byggir á *game-based digital pedagogy*. Virkar á öllum tækjum.

Salvör Gissurardóttir kynnti [Hopscotch](#), einfalt forritunarmál fyrir iPad. [Kynningarmyndskaið á íslensku](#).

Tryggvi Thayer kynnti [Raspberry pi](#), lófastór tölva sem keyrir á Linux stýrikerfinu. Tölvuna er hægt að forrita til að gera nánast hvað sem er.

Myndirnar hér fyrir neðan voru teknar á menntabúðunum.





Menntabúðir 10.  
apríl 2014

---

## Menntabúðir 1 – fréttir

Fyrstu menntabúðir vetrarins voru haldnar í dag. Slagorð dagsins voru „*Trix, tækni og tengslanet*“. Einstaklega var gaman að sjá hversu margir mættu og tóku þátt í þessari velheppnuðu tilraun með okkur.

Svæðinu var skipt upp í 7 stöðvar og voru umfjöllunarefni af ýmsum toga. Dagskráin gerði ráð fyrir eftirfarandi umfjöllunarefnum: [twitter](#) (#menntabudir @ut\_torg), [Doceri](#), [TouchCast](#), [Turfhunt](#), [Relanpro](#), [PowToon](#), [Vendikennsla](#), [Opið menntaefni](#), [Pinterest](#), [Vefveggspjöld](#).

Mikið fjör og góðar umræður sköpuðust sem náðu langt út fyrir dagskránnu og var almennt mat þátttakenda að búðirnar hefðu tekist vel. Einnig komu fram tillögur um umfjöllunarefni fyrir næstu menntabúðir sem verða haldnar fimmtudaginn 7. nóvember. [Skráning er þegar hafin](#).

[Sólveig Jakobsdóttir](#) og [Svava Pétursdóttir](#) fjalla um menntabúðirnar á bloggsíðum sínum. Smelltu á nöfnin þeirra til að lesa færslurnar.

Myndirnar hér fyrir neðan voru teknar á menntabúðunum 31.

október 2013.

